



# Ársskýrsla umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra 2021



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

## Ársskýrsla umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Skuggasundi 1 – 101 Reykjavík  
Sími: 545 8600 | urn@urn.is

Júní 2022

Ábyrgðarmaður: Sigríður Auður Arnardóttir  
Umsjón: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2022 – Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

# Efnisyfirlit

Ávarp ráðherra	4	<b>Orkumál</b>	<b>23</b>
<b>Starfsemi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins á árinu 2021</b>	<b>7</b>	Orkustefna	24
Fréttannáll 2021	8	Raforkumál	24
Ráðuneytið	10	Eldsneytismál	25
Tölfræði um starfsemi 2021	11	Önnur verkefni	25
Þingmál ráðherra	12	<b>Stofnanir</b>	<b>26</b>
<b>Loftslagsmál, orkumál, náttúruvernd og hringrásarhagkerfið eru helstu verkefni umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis</b>	<b>13</b>	<b>Rekstur og fjárfestingar</b>	<b>30</b>
<b>Hringrásarhagkerfi</b>	<b>14</b>	Málefнасvið	31
Sjálfbær auðlindanýting	15	Rekstrargjöld og fjárfestingar málefнасviða	32
Í átt að hringrásarhagkerfi	15	Útgjöld málefнасviða og málaflokka	33
Minni matarsóun	16	Fjárfesting málaflokka	36
Hreinsun strandlengju Íslands	16	Yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila og fjárlagaliða	37
<b>Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum</b>	<b>17</b>	Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða, ráðstöfunarfé ráðherra, rekstrar- og verkefnastyrki, ásamt skuldbindandi styrk- og samstarfssamningum	39
Stöðuskýrsla aðgerðaáætlunar	18	<b>Ávinningur af ráðstöfun fjármuna</b>	<b>48</b>
Lög um loftslagsmál og efld markmið	18	15.10 Stjórnun og þróun orkumála	50
Loftslagssjóður og aðlögunarstefna	19	17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	52
<b>Náttúruvernd</b>	<b>20</b>	17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	54
Líffræðileg fjölbreytni	21	17.30 Meðferð úrgangs	56
Stjórnunar og verndaráætlanir	21	17.40 Varnir gegn náttúruvá	57
Friðlýsingar og stækkanir friðlýstra svæða	22	17.50 Stjórnsýsla umhverfismála	58
Landsáætlun	22	<b>Framvinda í kynja- og jafnréttismálum</b>	<b>62</b>



## Ávarp ráðherra

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð höfuðáhersla á loftslagsmál og aðgerðir sem hafa það markmið að stuðla að samdrætti í losun, orkuskiptum og grænum fjárfestingum. Áhersla á jafnvægi efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra þátta er skýr og það er stefna ríkisstjórnarinnar að Ísland verði í fararbroddi í umhverfismálum á alþjóðavísu. Að byggt verði áfram á því að skapa jafnvægi í sambýli fólks og náttúru og skapa sátt um nýtingu auðlinda. Loftslagsmálin eru forgangsmál þessarar ríkisstjórnar þar sem sett hafa verið metnaðarfull markmið sem kalla á samhent átak stjórnvalda, atvinnulífs, hagaðila og almennings til að þeim markmiðum verði náð.

Það er því viðamikil og krefjandi verkefni en afar spennandi að gegna embætti umhverfis-, orku og loftslagsráðherra og takast á við þær áskoranir sem felast í því að koma metnaðarfullum markmiðum ríkisstjórnarinnar í framkvæmd. Ég geng glaður til þeirra verka með öllu því góða fólki sem starfar að málaflokkunum sem undir ráðuneytið heyrir og öllum þeim sem hafa sýnt frumkvæði og áhuga á þeim verkefnum sem fram undan eru.

Eins og fram kemur í ársskýrslunni urðu nokkrar breytingar á skipan og verkefnum ráðuneyta eftir síðustu kosningar sem leiddu m.a. til þess að orkumál og Orkustofnun fluttist til umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins. Orkumálin eru spennandi málaflokkur og nátengd loftslagsmálum sem ég hlakka til að takast á við.

Ísland er að mörgu leyti betur í stakk búið en mörg önnur ríki til þess að setja sér metnaðarfull markmið í loftslagsmálum og standa við þau. Sem dæmi má nefna að raforka og orka til húshitunar kemur frá endurnýjanlegum orkulindum og að möguleikar til að draga úr losun frá vegasamgöngum eru miklir, t.d. með breyttum ferðavenjum, bættum almenningsamgöngum og aukinni notkun ökutækja sem knúin eru endurnýjanlegri orku. Þá felast tækifæri í orkuskiptum í sjávarútvegi, landbúnaði, byggingariðnaði og fleiri greinum og vinna stjórnvöld nú að frekari útfærslu aðgerða í þessum málaflokkum. Einnig má nefna tækifæri til kolefnisbindingar í jarðvegi og gróðri með bættri landnotkun, aukinni endurheimt vistkerfa og varanlegri geymslu kolefnis í jarðlögum þar sem koldíoxíði er dælt niður í berg með svokallaðri Carbfix-aðferð. Tækifærin til aðgerða eru fjölmörg og þau geta einnig skapað tækifæri til atvinnuuppbyggingar um allt land. Nýjar tæknilausnir eru sífellt að líta dagsins ljós og það gera líka nýjar rannsóknir sem beina okkur að nýjum möguleikum. Það er hlutverk stjórnvalda að styðja við áframhaldandi grósku þessa nýja loftslagsiðnaðar.

Mikil eftirspurn er eftir orku og fjölmörg tækifæri liggja í því að framleiða rafeldsneyti til að mæta framtíðareftirspurn. Við vitum að það þarf að afla orku til að framleiða rafeldsneyti og við þurfum að forgangsráða hvar við byrjum. Tækni til orkuskipta er komin mislangt. Við sjáum fjölgun í kaupum á vistvænum bílum, en lengra er í lausnir í sjóflutningum og flugi. Tæknin er í þróun og allir þurfa að leggjast á eitt.

Það er mikilvægt að við horfum bjartsýn til framtíðar og leitumst við að sjá tækifæri í áskorununum. Markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutlaust Ísland felur í sér miklar áskoranir, en jafnframt tækifæri til þess að vera í farabroddi þegar kemur að loftslagsvænum og jafnvel loftslagsmiðuðum iðnaði sem hefur það að leiðarljósi að draga úr koldíoxíði í andrúmsloftinu.

Náttúruvernd hefur á undanförunum árum fengið stóraukið vægi í samfélagsmæðu, bæði hér á landi og annars staðar í heiminum. Fleiri og fleiri hafa áttað sig á að vernd náttúrulegra landsvæða, bæði lífríkis og landslags sem þar má finna, er gríðarlega mikilvæg. Mikilvægið felst auðvitað í því að við viljum tryggja líffræðilega fjölbreytni og þá mikilvægu vistkerfajónustu sem náttúran innir af hendi. En mikilvægið felst líka í því að tryggja að við og komandi kynslóðir getum notið þess að eiga stund í ósnortinni náttúru. Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfajónusta stuðlar að heilbrigðri náttúru, en upplifunarstundir okkar úti í náttúrunni þar sem hún hefur fengið að þróast óáreitt geta ekki síður stuðlað að því að styrkja okkur mannfólkið andlega og líkamlega.

Í starfi mínu finn ég vel fyrir þessum áhuga á náttúruvernd úr öllum geirum samfélagsins. Í stjórnarsáttmálanum er fjallað um stofnun þjóðgarðs á þegar friðlýstum svæðum og jöklum í þjóðlendum á hálendinu með breytingum á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð. Hvernig staðið er að náttúruvernd hálendisins varðar okkur öll

og því eðlilegt að um það mál séu skiptar skoðanir. Hvað varðar þjóðgarðana okkar almennt þá tel ég að þar séu mikil sóknarfæri, ekki síst gagnvart heimabyggð og atvinnusköpun, enda eru margar af okkar fallegustu náttúruperlum innan þeirra.

Eins og nefnt er hér að ofan urðu nokkrar breytingar á skipan og verkefnum ráðuneyta eftir síðustu kosningar sem leiddu m.a. til þess að Minjastofnun Íslands fluttist til umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins. Ég fagna þessari breytingu og vænti þess að um farsælt og ánægjulegt samstarf til framtíðar verði að ræða. Samlegðaráhrif minjaverndar og náttúruverndar geta verið mikil, enda eru menningarmínjar nátengdar náttúru landsins.

Úrgangsmálin eru meðal stærstu áskorana okkar í umhverfismálum. Til að ná þeim árangri að til verði virkt hringrásarhagkerfi þarf að draga úr myndun úrgangs og íslenskt samfélag þarf að verða endurvinnslusamfélag. Tryggja þarf að það sé fjárhagslega hagkvæmt fyrir heimili og fyrirtæki að minnka það úrgangsmagn sem frá þeim fer og að það verði ódýrara að skila úrgangi flokkuðum til endurvinnslu, en að skila honum með blönduðum úrgangi sem síðan endar í brennslu eða urðun. Í því felst jákvæður hvati til framfara. Um næstu áramót koma til framkvæmda breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs sem kveða á um að innheimta fyrir meðhöndlun úrgangs skuli vera sem næst raunkostnaði. Slík aðgerð við innheimtu byggist á mengunarbótareglunni þar



sem hver og einn borgar fyrir það sem hann hendir (e. Pay as you throw). Það er mikilvægt að við náum að koma þessum breytingum örugglega í framkvæmd, en þar mun reyna mjög á samstarf við sveitarfélögin sem leika þar stórt hlutverk.

Það er ánægjulegt að upplifa þá miklu vitundarvakningu sem orðið hefur á undanförunum árum um þessi brýnustu mál samtímans. Þeim fjölgar stöðugt sem átta sig á því að við bæði getum og þurfum að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif og hámarka jákvæð áhrif. Þessi vitundarvakning endurspeglast meðal annars í mikilli grósku í umhverfis- orku og loftslagsmálum í samfélaginu öllu og umræðu um þessu brýnustu mál samtímans. Ég hlakka til að takast á við verkefni fram undan og mun leggja áherslu á samstarf, því án öflugrar þátttöku samfélagsins alls munum við ekki ná markmiðum okkar.



---


**Starfsemi umhverfis-, orku-  
og loftslagsráðuneytisins á árinu 2021**

---

## Fréttannaárið 2021 (febrúar–júlí)

**4. febrúar**

Dregið hraðar úr losun frá F-gösum í þágu loftslagsins með reglugerðarbreytingu



**23. febrúar**

Ísland sendir uppfærð loftslagsmarkmið til Sameinuðu þjóðanna

**3. mars**

Yfir hundrað milljónum króna úthlutað í styrki til fjölbreyttra umhverfisverkefna

**9. mars**

Rúmum 1,5 milljarði veitt til innviða og náttúruverndar á ferðamannastöðum

**13. apríl**

Ísland tekur þátt í LIFE-áætlun Evrópusambandsins



**24. mars**

Loftslagssjóður úthlutar 170 milljónum króna til 24 verkefna

**23. mars**

Framlög til loftslagsaðgerða aukin um milljarð á ári



**27. apríl**

Íslandsbanki hlýtur Kuðunginn, umhverfisviðurkenningu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins

**27. apríl**

Ráðherra útnefdir nemendur Foldaskóla, Öldutúnsskóla og Húsaskóla sem varðliða umhverfisins



**29. apríl**

Frumvarp sem stuðlar að endurvinnslu glers samþykkt á Alþingi

**5. maí**

Skrifstofu loftslagsþjónustu og aðlögunar komið á fót

**10. júní**

Ráðherra lætur vinna Vegvísi fyrir vetni og rafeldsneyti

**9. júní**

„Í átt að hringrásarhagkerfi“ heildarstefna í úrgangsmálum, gefin út

**3. júní**

Rúm 10% orkugjafa í samgöngum á Íslandi orðnir endurnýjanlegir




**6. maí**

Ráðherra skipar vísindanefnd til að fjalla um áhrif loftslagsbreytinga

**15. júní**

Markmið um kolefnishlutleysi lögfest á Alþingi



**16. júní**

Alþingi samþykkir frumvarp um hringrásarhagkerfi

**9. júlí**

Styrkjum úthlutað til að efla hringrásarhagkerfið

**13. júlí**

Styrkjum úthlutað vegna fráveituf framkvæmda sveitarfélaga



## Fréttannaáall 2021 (september–desember)

**10. september**

470 milljónum króna úthlutað úr Orkusjóði til orkuskipta



**14. september**

Orkustofnun eykur áherslu á loftslagsmál, orkuskipti og nýsköpun

**16. september**

Pure North Recycling hlýtur Bláskelina 2021

**17. september**

Fyrsta stöðuskýrsla aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum gefin út

**16. nóvember**

Ísland og önnur aðildarríki loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna staðfesta mikilvægi þess að halda hækkun hitastigs jarðar undir 1,5°C.




**24. september**

Nýting glatvarma til hitaveituvæðingar Grundarfjarðar

**21. september**

Efnt til fimm ára allsherjarátaks í hreinsun strandlengju Íslands



**29. nóvember**

Guðlaugur Þór Þórðarson tekur við embætti umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra



**29. nóvember**

Orkumál og minjavernd flytjast yfir til yfir til ráðuneytisins

**29. nóvember**

Stofnanirnar Landgræðsla ríkisins, Skógræktin og Skipulagsstofnun flytjast frá ráðuneytinu

**16. desember**

Fjármagni veitt til bráðaáðgerða við Óxará, Hljóðakletta og Hesteyri

**28. desember**

Ísland tilnefni náttúruverndarsvæði í Emerald Network-net Bernarsamningsins



## Ráðuneytið

Við stjórnarskipti í lok síðasta árs fluttust orkumál og minjavernd og þar með Orkustofnun og Minjastofnun Íslands, yfir til ráðuneytisins eftir að hafa frá árinu 2012 verið umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Stofnanirnar Landgræðsla ríkisins, Skógræktin og Skipulagsstofnun fluttust hins vegar frá ráðuneytinu.


Verkefni umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins ná til fjölmargra sviða þjóðfélagsins og varða, auk áður nefndra orkumála og minjaverndar, loftslags- og loftgæðamál, náttúruvernd, landnýtingu, úrgangs- og fráveitumál, vernd hafs og vatns, veður og náttúruvá, mengunarvarnir og hollustuhætti, mat á umhverfisáhrifum, upplýsingarétt, veiðistjórnun villtra dýra og landupplýsingar. Verkefni ráðuneytisins eru skilgreind í forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra er Guðlaugur Þór Þórðarson. Ráðherra fer með yfirstjórn ráðuneytisins og ber ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum þess. Ráðuneytisstjóri, Sigríður Auður Arnardóttir, stýrir ráðuneytinu í umboði ráðherra.

Verkefnum ráðuneytisins er skipað á sex skrifstofur, skrifstofu ráðuneytisstjóra, skrifstofu fjármála og rekstrar og fjórar fagskrifstofur: skrifstofu alþjóðamála og samþættingar, skrifstofu loftslagsmála, skrifstofu landgæða og skrifstofu umhverfis og skipulags. Stöðugildi umhverfis- og auðlindaráðuneytis voru 47 í lok árs 2021.

Þrettán stofnanir heyrja undir fagsvið umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og skipar umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra flesta forstöðumenn þeirra. Tveir af sex vinnuhópum Norðurskautsráðsins eru með skrifstofu á Akureyri og ber umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið ábyrgð á þeim fyrir Íslands hönd. Þetta eru hóparnir Conservation of Arctic Flora and Fauna (CAFF) og Protection of the Arctic Marine Environment (PAME).

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið er í nánun samstarfi við ýmsar alþjóðlegar stofnanir og hefur fulltrúa sinn í Brussel. Starfsfólk ráðuneytisins tekur virkan þátt í norrænu og evrópsku samstarfi, auk samvinnu alþjóðlegra stofnana á borð við Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP). Þá fer ráðuneytið með umsjón fjölda alþjóðasamninga á sviði umhverfismála á borð við Loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna, Samninginn um líffræðilega fjölbreytni og OSPAR-samninginn um vernd NA-Atlantshafsins.



## Tölfræði um starfsemi 2021

---

1.599

mál í málaskrá

186

fréttatilkynningar

19.581

innkomin skráð skjöl

21

skriflegar fyrirspurnir frá Alþingi

9.480

innkominn skráður tölvupóstur

26

mál í samráðsgátt

## Þingmál ráðherra

---

Á árinu 2021 voru löggjafarþing nr. 151 og 152 starfandi. Þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra lagði fram sjö frumvörp og tvær þingsályktunartillögur:

---

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 103/2021 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi)

---

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (leiðrétting o.fl.)

---

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (markmið um kolefnishlutleysi)

---

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989 (endurvinnsla og skilagjald)

---

---

Frumvarp til laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana

---

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 (menntun og eftirlit)

---

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku)

---

Tillaga til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015–2026

---

Tillaga til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands.

---

Fimm fyrstnefndu frumvörpin urðu að lögum á árinu.

A person wearing a bright orange jacket stands on a dark, mossy rock ledge, looking out over a massive waterfall. The waterfall cascades down a steep, moss-covered cliffside. The surrounding landscape is lush and green, with dense vegetation and moss covering the rocks. The sky is overcast and grey. The text is centered over the image, flanked by two horizontal white lines.

**Loftslagsmál, orkumál, náttúruvernd  
og hringrásarhagkerfið eru helstu verkefni  
umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis**



**Hringrásarhagkerfi**

## Sjálfbær auðlindanýting

Eitt meginmarkmiða stjórnvalda í umhverfismálum er að koma á hringrásarhagkerfi með vörur og þjónustu til að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu, draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu hans. Þetta markmið tengist meðal annars loftslagsmálum, sem eru eitt stærsta forgangsmál ríkisstjórnarinnar, og stefnunni sem tekin hefur verið á kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Eitt af lykilatriðum til að þessu takmarki verði náð er að hér á landi verði til virkt hringrásarhagkerfi.

Hringrásarhagkerfi er hagkerfi þar sem vörur, hlutir og efni halda verðmæti sínu og notagildi eins lengi og mögulegt er. Markmiðið er að draga úr auðlindanotkun, auka líftíma auðlinda jarðar og koma í veg fyrir að efni og hlutir hverfi úr hagkerfinu sem úrgangur. Markmiðið er að auka hagsæld og lífsgæði, en standa jafnframt vörð um takmarkaðar auðlindir jarðar, stuðla að sjálfbærni og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið fer með málefni er snerta úrgang, s.s. úrgangsforvarnir og meðhöndlun úrgangs. Ráðherra leggur áherslu á farsæla innleiðingu hringrásarhagkerfis hér á landi í samræmi við sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf sem lagður var fram í nóvember. Fjárveiting til málaflokksins jókst um 400 m.kr. á árinu.

## Í átt að hringrásarhagkerfi

Í júní var gefin út ný heildarstefna ráðherra í úrgangsmálum, undir yfirskriftinni „Í átt að hringrásarhagkerfi“. Stefnan styður við myndun hringrásarhagkerfis á Íslandi og er lykilaðgerð í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá úrgangi. Stefnunni er ætlað að stuðla að minni sóun verðmæta og því að gera Ísland að endurvinnslusamfélagi þar sem urðun verðmæta heyrir sögunni til.

Þá varð frumvarp sem hefur lykilþýðingu við innleiðingu stefnunnar að lögum á árinu, en því er ætlað að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis. Lögín, sem eru nr. 103/2021, taka að mestu leyti gildi 1. janúar 2023. Þau skylda m.a. heimili og fyrirtæki til að flokka heimilisúrgang og sveitarfélögin til að safna sérstaklega fleiri úrgangstegundum en gert hefur verið, s.s. lífrænum úrgangi, gleri, málmum, textíl og spilliefnum. Einnig er þar kveðið á um samræmdar merkingar á landsvísu, skyldu til að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang og óheimilt verður að urða eða brenna úrgang sem flokkaður hefur verið og safnað sérstaklega. Jafnframt verður tekið upp nýtt kerfi við innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs og þá verður mengunarbótareglunni beitt í meira mæli við úrgangsstjórnun en verið hefur. Lögín kveða enn fremur á um framlengda framleiðendaábyrgð á öllum umbúðum og ýmsum plastvörum, svo og rafhlöðum og rafgeymum sem notuð eru til að knýja ökutæki áfram, svokölluðum drifrafhlöðum.

Í byrjun júlí fór fram úthlutun styrkja til að efla hringrásarhagkerfið. Heildarstyrkuppþæðin var 230 milljónir króna og af þeim 54 umsóknum sem bárust hlaut 31 verkefni styrk. Hæstu styrkir sem veittir voru til einstakra verkefna voru 20 milljónir króna og voru verkefnin sem hlutu styrk af margvíslegum toga og til marks um mikinn áhuga á hringrásarhagkerfinu um allt land.

Þá skipaði ráðherra stýrihóp sem hefur það hlutverk að tryggja framkvæmd heildarstefnu í úrgangsmálum og annarra stefnumarkandi áætlana í málaflokknum, svo og efla samvinnu stjórnvalda, haghafa og almennings í málaflokknum. Í hópnum eiga sæti fulltrúar ríkis, sveitarfélaga, atvinnulífs og félagasamtaka.

---

### • Í átt að hringrásarhagkerfi

---



## Minni matarsóun

Í september lagði ráðherra fram fyrstu heildstæðu aðgerðaáætlunina gegn matarsóun á Íslandi og þeim umhverfisáhrifum sem af henni hljótaskast. Um er að ræða 24 aðgerðir sem byggja á tillögum starfshóps sem ráðherra skipaði og voru svo kynntar í samráðsgátt stjórnvalda. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar stjórnvalda, atvinnulífs, frjálsra félagasamtaka og ungs fólks. Aðgerðirnar sem um ræðir snúa að allri virðis\_keðju matvæla, frá frumframleiðslu til neytenda, og miða að því að ná þeim árangri að minnka matarsóun í allri virðis\_keðjunni um 30% fyrir árið 2025 og um 50% fyrir árið 2030. Aðgerðunum má skipta í fjóra hluta eftir eðli þeirra: Atvinnulífið og aukíð samstarf, rannsóknir og nýsköpun, menntun og fræðsla, og hagrænir hvatar og regluverk.

- **Minni matarsóun — Aðgerðaráætlun gegn matarsóun**

## Hreinsun strandlengju Íslands

Hafið var fimm ára allsherjarátak í hreinsun strandlengju Íslands, í samræmi við aðgerðaáætlun stjórnvalda í plastmálefnum. Í september var undirrituð samstarfsyfirlýsing nokkurra félagasamtaka, ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar um verkefnið. Það felst í því að hreinsa strandlengju Íslands af plasti og öðrum úrgangi og er jafnframt ætlað að stuðla að vitundarvakningu um plast í hafi og tryggja að hreinsuðum ströndum verði haldið við eins og kostur er. Heildarkostnaður vegna verkefnisins er áætlaður 150 milljónir króna, eða um 30 m.kr. á ári. Fyrsta styrkúthlutun til hreinsana fór fram í byrjun árs 2022.





---

# Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

---

## Stöðuskýrsla aðgerðaáætlunar

Baráttan við loftslagsbreytingar af mannavöldum er meðal þeirra viðfangsefna sem ber hvað hæst í umhverfismálum og loftslagsmálum eru að festa sig í sessi sem eitt helsta viðfangsefnið.

Á árinu kom út fyrsta stöðuskýrsla aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. Í skýrslunni er sett fram staða allra aðgerða eftir flokkum og hver framgangur hefur orðið frá því að áætlunin kom út sumarið 2020. Við allar aðgerðir eru mælikvarðar þar sem lagt er mat á þróun og árangur þeirra. Aðgerðirnar, sem eru flestar settar fram til langs tíma, eru mislangt komnar, en þegar á allt er litið var mikill framgangur í aðgerðum milli ára. Það getur þó tekið tíma fyrir sumar aðgerðirnar að komast í fulla framkvæmd í samfélaginu þannig að þær byrji að skila árangri, og ekki hafa allar aðgerðirnar augljósan endapunkt og verða því líklega skilgreindar „í framkvæmd“ um öfyrirséðan tíma.

Aðgerðirnar ná til alls samfélagsins og er skipt í átta flokka: samgöngur á landi, skip og hafnir, orkuframleiðsla og smærri iðnaður, F-gös og efnanotkun, landbúnaður, úrgangur og sóun, hvatar til umskipta, ETS: Flug og iðnaður og landnotkun. Verkefnisstjórn, skipuð fulltrúum sjö ráðherra, auk fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ber ábyrgð á eftirfylgni aðgerðanna.

- [Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum](#)
- [Stöðuskýrsla aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum](#)

## Lög um loftslagsmál og eflð markmið

Breytingar voru gerðar á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 á árinu til þess að festa í lög markmið Íslands um kolefnishlutleysi árið 2040. Í greinargerð með frumvarpinu segir: „Hugtakið kolefnishlutleysi er hér notað til að lýsa ástandi þar sem jafnvægi hefur náðst milli losunar gróðurhúsalofttegunda og bindingar kolefnis af mannavöldum þannig að nettólosun verði engin eða núll.“ Í stjórnarsáttmála í lok árs var stefnan sett á sjálfstætt landsmarkmið um 55% samdrátt í losun sem er á beinni ábyrgð Íslands fyrir 2030, miðað við árið 2005.

Breytingar voru einnig gerðar á lögum um hollustuhætti og mengunarnávarnir nr. 7/1998, um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og um loftslagsmál nr. 70/2012 til innleiðingar á tilskipun 2009/31/EB um geymslu koltvísýrings í jörðu.

## Loftslagssjóður og aðlögunarstefna


Á árinu var öðru sinni úthlutað úr Loftslagssjóði, alls 170 milljónum til 24 verkefna. Hlutverk sjóðsins er að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga. Styrkt voru 12 nýsköpunarverkefni og 12 kynningar- og fræðsluverkefni. Nánari upplýsingar um sjóðinn og þau verkefni sem hafa verið styrkt má finna á heimasíðu [Rannís](#), sem fer með umsýslu sjóðsins.

Fyrsta stefna íslenskra stjórnvalda um aðlögun að loftslagsbreytingum var sett í september. Þar segir:

„Framtíðarsýn stjórnvalda er að íslenskt samfélag og lífríki búi að viðnámsþrótti gagnvart loftslagsvá og að aðlögun að loftslagsbreytingum sé fastur þáttur í áætlunum og starfsemi hins opinbera, stofnana og fyrirtækja og þekkt viðfangsefni meðal félagasamtaka og almennings. Aðlögun á að vera hluti af ákvarðanatöku stjórnvalda og innan viðeigandi geira og atvinnugreina svo greiningar og ákvarðanir taki til loftslagsáhættu og afleiðinga hennar.“

Ráðherra veitti auknu fjármagni til Veðurstofu Íslands á árinu 2021 til að byggja upp sérstaka skrifstofu loftslagsþjónustu og aðlögunar hjá stofnuninni, sem hefur það hlutverk að vera vettvangur verkefna á sviði aðlögunar er snúa að þekkingu og upplýsingagjöf vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Skrifstofan á að vera vettvangur fyrir vísindasamfélagið, fagstofnanir og hagaðila hvað varðar aðlögun og sinna miðlun um áhrif loftslagsbreytinga til hagaðila og almennings.

Skipuð var vísindanefnd um loftslagsbreytingar á Íslandi sem tók til starfa á árinu undir formennsku Veðurstofu Íslands, en lagt er upp með að nefndin skili fjórðu íslensku vísindaskýrslunni um áhrif loftslagsbreytinga árið 2023.





# Náttúruvernd

## Líffræðileg fjölbreytni

Eitt af mikilvægustu náttúruverndarverkefnum allra þjóða er að tryggja líffræðilega fjölbreytni. Í lok árs hófst vinna við gerð grænbókar um líffræðilega fjölbreytni á Íslandi. Það er í samræmi við áherslu ríkisstjórnarinnar að á kjörtímabilinu eigi að ljúka við endurskoðun á stefnu um líffræðilega fjölbreytni.


Í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um náttúruvernd, þar með talið verndun líffræðilegrar fjölbreytni, hefur Ísland lagt til að fimm náttúruverndarsvæði hér á landi verði hluti af neti verndarsvæða Bernarsamningsins, sem kallast Emerald Network. Bernarsamningurinn er alþjóðlegur samningur um vernd villtra plantna, dýra og lífssvæða þeirra í Evrópu, og hefur Ísland verið aðili að samningnum frá 1993. Svæðin sem Ísland tilnefndi eru: Guðlaugstungur, Vatnajökulsþjóðgarður, verndarsvæði Mývatns og Laxár, Vestmannsvatn og Þjórsárver.

Sem lið í aukinni áherslu á tengsl náttúruverndar og byggðapróunar vann Umhverfisstofnun, í samvinnu við ráðuneytið, Langanesbyggð og Húnaþing vestra, skýrslur þar sem staða náttúruverndar í sveitarfélögunum var skoðuð og lagt mat á hvaða hagsmunir væru fölgirnir í friðlýsingum fyrir nærsamfélagið og íslenska ríkið.

## Stjórnunar og verndaráætlanir

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlanir nokkurra friðlýstra svæða hófst á árinu og þá lauk einnig vinnu við gerð fimm áætlana. Tóku þær formlega gildi með undirritun ráðherra. Meðal friðlýstra svæða sem ráðherra staðfesti stjórnunar- og verndaráætlun fyrir er friðland að Fjallabaki, en svæði innan friðlandsins, svo sem Landmannalaugar, eru meðal mest sóttu ferðamannastaða miðhálandisins. Stjórnunar- og verndaráætlanir eru mikilvægar fyrir friðlýst svæði á Íslandi því að markmiðið með slíkum áætlunum er að móta framtíðarsýn og stefnu um verndun svæðanna og hvernig viðhalda skuli verndargildi þeirra.

Landvarsla á náttúruverndarsvæðum hefur verið eflað á undanförunum árum. Ársverkum við landvörslu á vegum Umhverfisstofnunar fjölgaði úr 20,88 í 24,62 á árabílinu 2020–2021. Þar af voru 3,31 ársverk vegna eldgossins við Fagradalsfjall á Reykjanesskaga. Um er að ræða tímabundin störf og heilsársstörf.





## Friðlýsingar og stækkanir friðlýstra svæða

Í lok árs lauk fjögurra ára átaki við að friðlýsa svæði í íslenskri náttúru. Friðlýsingarátakið fór fram í nánú samstarfi Umhverfisstofnunar, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og hagaðila. Unnið var markvisst að eflingu náttúruverndar með friðlýsingu svæða sem Alþingi hefur ályktað að skuli friðlýsa, bæði á náttúruverndaráætlun og í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar. Auk þess hafa svæði undir álagi ferðamanna og svæði þar sem sveitarfélög eða landeigendur hafa óskað eftir friðlýsingu verið friðlýst. Alls voru ellefu ný svæði friðlýst á árinu. Eitt af þeim svæðum er Drangar á Ströndum, sem er fyrsta landsvæðið á Íslandi sem friðlýst er sem óbyggt víðerni.

Jafnframt hefur verið unnið að stækkun þjóðgarða. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stækkaður 28. júní 2021, á 20 ára afmæli hans, og bættist við hann svæði sem liggur norðan við jökulhettu Snæfellsjökuls og austan við núverandi þjóðgarðsmörk. Vatnajökulsþjóðgarður stækkaði einnig á árinu þegar þremur nýjum landsvæðum var bætt við hann, Sandfelli í Öræfum, Hoffellslambatungum í Nesjum og Þjóðlendum á Bárðdælafrétt austari í Þingeyjarsveit. Þá voru þrjú önnur friðlýst svæði stækkuð á árinu, friðlandið í Varmárósum, fólkvangurinn í Garðahrauni og landslagsverndarsvæðið í Flatey.

## Landsáætlun

Endurskoðun fjórðu verkefnaáætlunar Landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarmínjum vegna árána 2022–2024 hófst haustið 2021. Umsjónaraðilar staða sendu inn tillögur og gögn vegna staða og verkefna þar sem framkvæmda er þörf. Alls bárust ítarlegar tillögur um 100 ný verkefni.

Meðal annars bárust tillögur frá stofnunum sem bera umsjónarlega ábyrgð á landi og sinna náttúruvernd og/eða minjavörslu, sem og sveitarfélögum sem eiga aðild að landsáætlun í gegnum sína staði. Í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga var lögð áhersla á að skoða núverandi staði sveitarfélaga á áætluninni, yfirfara forsendur og auka stuðning ef þörf væri á, s.s. vegna undirbúnings framkvæmda.



**Orkumál**

## Orkustefna

---

Orkumál eru ein af grundvallarstoðum atvinnulífs á Íslandi. Sérstaða orkumála á Íslandi liggur í hlutfalli endurnýjanlegra orkugjafa. Öll raforkuframleiðsla á Íslandi er af endurnýjanlegum uppruna. Á árinu var lögð fram á Alþingi langtímaorkustefna, ásamt aðgerðaráætlun fyrir orkustefnu. Orkustefnan felur í sér skýra framtíðarsýn til ársins 2050 með tólf meginmarkmiðum og fylgir henni ítarleg aðgerðaáætlun með 38 skilgreindum aðgerðum.

- **Sjálfbær orkuframtíð – Orkustefna til ársins 2050**
  - **Aðgerðaáætlun Orkustefnu**
- 

## Raforkumál

---

Ýmsar umbætur voru gerðar á regluverki raforkumála með laga- breytingum sem samþykktar voru á vormánuðum og sem byggðu m.a. á skýrslu sem Deloitte vann fyrir ráðuneytið. Breytingarnar tóku m.a. til aukinnar skilvirkni og einföldunar við setningu hagræðingarkröfu fyrir sérleyfisfyrirtæki, betri yfirsýnar og eftirlits með fjárfestingaráætlunum dreifiveitna, aukinnar áherslu á gæði raforku, skilgreiningar á raforkuöryggi og þess að dregið yrði úr hvötum til að fresta viðhaldi.

Þá var undirrituð viljayfirlýsing frá eigendum Landsnets þar sem samþykkt var að ganga til formlegra viðræðna um kaup ríkisins á Landsneti. Í breytingum á raforkulögum var gert ráð fyrir að þeim viðræðum yrði lokið fyrir 1. júlí 2022.

Áframhaldandi stuðningur var á árinu við þau átaksverkefni sem vörðuðu þrífösun rafmagns í dreifikerfinu og fyrir dreifi- og flutningskerfi raforku eftir óveðrin 2019/2020.

Loks voru í lok árs 2021 gerðar breytingar á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Þær fela í sér hækkun á framlagi til jöfnunar á dreifikostnaði raforku sem er í samræmi við stefnu stjórnvalda um jöfnun.

Starfshópur Orkustofnunar um smávirðjanir skilaði enn fremur skýrslu um bætt rekstrarskilyrði virkjana og lagði fram drög að breytingu á reglugerð sem var sett í samráðsgátt og gefin út 2022.



## Eldsneytismál

---

Nýsköpunarfyrirtækið IcelFuel vann skýrslu fyrir ráðuneytið um fýsileika á framleiðslu rafeldsneytis á Íslandi. Einnig var unninn vegvísir fyrir rafeldsneyti og vetni í samstarfi við Roland Berger og Landsvirkjun, en í vegvísinum eru settar fram sviðsmyndir ásamt tímasettum markmiðum. Þá vann Verkís skýrslu um landtengingar í höfunum sem kynnt var á vefviðburði Grænu orkunnar í júní 2021.

Í árslok var svo kynnt skýrsla um sviðsmyndir fyrir orkuskipti á hafi sem unnin var af DNV í samstarfi við Samorku, SFS og Hafnarsambandið.

Orkusjóður úthlutaði styrkjum að upphæð 470 m.kr. til orkuskipta- verkefna. Styrkjaflokkar voru eftirfarandi; orkuskipti í iðnaði, flutningabílar og vinnuvélar, líf- eða rafeldsneytisframleiðsla og uppsetning hleðsluinnviða.

## Önnur verkefni

---

Ráðuneytið undirritaði í júní viljayfirlýsing um fjölnýtingu efnis-strauma á Grundartangasvæðinu ásamt Þróunarfélagi Grundartanga, Elkem, Carbfix og Veitum, en verkefnið felst í föngun koldíoxíðs og nýtingu glatvarma til raforkuframleiðslu og til uppsetningar á hitaveitu.

Þá náðust markmið stjórnvalda um 10% hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum á landi fyrir árið 2020, og rúmlega það (11,4%), en þau voru sett í orkuskiptaáætlun.



# Stofnanir



*Brettán stofnanir heyrir undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Einnig tilheyra málefnaviði ráðuneytisins Endurvinnslan hf. og Ofanflóðasjóður, ásamt átta náttúrustofum víðs vegar um landið sem eru á forræði sveitarfélaga en fá rekstrarstyrk á grundvelli fjárlaga.*

### Íslenskar orkurannsóknir

Hlutverk Íslenskra orkurannsókna, ÍSOR, er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra jarðrænna auðlinda. Stofnunin starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum. Sérfræðingar stofnunarinnar hafa tekið þátt í jarðhitauppbyggingu á bæði lághita- og háhitasvæðum landsins og víða um heim. ÍSOR sinnir jarðfræðikortlagningu lands og hafsbotns og jarðfræðirannsóknum vegna mannvirkjagerðar, skriðufalla, jarðskjálfta og eldvirkni. Metnaður ÍSOR er að vera leiðandi í ráðgjöf á heimsvísu á sviði sjálfbærrar nýtingar jarðrænna auðlinda og styðja við stefnu og áherslur Íslands í umhverfis-, auðlinda- og orkumálum innanlands og í alþjóðlegu samstarfi.

**Alls starfa 50 hjá ÍSOR, bæði í Kópavogi og á Akureyri.**



### Landmælingar Íslands

Landmælingar Íslands hafa það hlutverk að safna, vinna úr, varðveita og miðla landupplýsingum um Ísland. Landupplýsingar eru grundvallargögn hvers samfélags og tryggja aðgang samfélagsins að upplýsingum varðandi umhverfi og náttúru. Landupplýsingar eru einnig mikilvægar til þess að styðja við ákvarðanatöku og stefnumótun stjórnvalda á ýmsum sviðum, s.s. á sviði framkvæmda, skipulagsmála, umhverfismála og vöktunar á náttúruvæ. Þá fara Landmælingar með framkvæmd laga um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar.

**Alls starfa 24 hjá Landmælingum Íslands, sem hafa aðsetur á Akranesi.**



### Minjastofnun Íslands

Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með vernd fornleifa- og byggingararfs á Íslandi. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að hafa eftirlit með fornleifum í landinu, friðuðum húsum og mannvirkjum og sjá um leyfisveitingar, m.a. til fornleifarannsókna, útflutnings á minjum og breytinga á friðuðum og friðlýstum minjum. Einnig sér Minjastofnun um vinnu að stefnumörkun um verndun fornleifa og byggingararfs, hefur yfirumsjón með og heldur heildarskrá yfir skráningu friðaðra og friðlýstra fornleifa, húsa og mannvirkja. Þá gerir stofnunin tillögur til ráðherra um friðlýsingu og afnám hennar og ákveður skyndifriðun menningarminja ef þörf krefur. Minjastofnun fer með umsýslu og úthlutun úr tveimur sjóðum, fornminjasjóði og húsa-friðunarsjóði.

**Alls starfa 23 hjá Minjastofnun á sex starfsstöðvum sem dreifðar eru um landið.**



### Náttúrufræðistofnun Íslands

Meginhlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands er að stunda undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasufræði og jarðfræði landsins, annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands og varðveita niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum. Náttúrufræðistofnun Íslands býr yfir gagnabanka um náttúru landsins og hlutverk hennar er að hafa yfirsýn og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um verndun og skynsamlega nýtingu náttúrunnar. Hún hefur einnig víðtækt vöktunar- og fræðsluhlutverk.

**Alls starfa um 50 hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, í Garðabæ, á Akureyri og á Breiðdalsvík.**



### Náttúruvannsóknarstöðin við Mývatn

Náttúruvannsóknarstöðin við Mývatn (RAMÝ) fæst við rannsóknir á náttúru og sögu Mývatns og Laxár og vatnasviðs þeirra með það höfuðmarkmið að skilja náttúrufarsbreytingar og sjá þær fyrir og stuðla þannig að verndun svæðisins. RAMÝ birtir skrá um rannsóknir sem gerðar hafa verið á náttúru Mývatns og Laxár og vatnasviðsins alls. RAMÝ veitir sérfræðingum og nemendum í náttúrufræðum aðstöðu til rannsókna og hlutdeild í gagnasafni stöðvarinnar, miðlar þekkingu á náttúru svæðisins til almennings og skóla í ræðu og riti og er stjórnvöldum til ráðuneytis um hvaðeina er lýtur að fræðslu um svæðið, verndun þess og nýtingu.

**Starfsmenn RAMÝ eru 2.**



### Orkustofnun

Orkustofnun starfar í þágu samfélagsins og í takt við orkustefnu Íslands. Hlutverk hennar er að skapa skýra umgjörð um orkumál, stuðla að nýsköpun og upplýstri umræðu og að veita stjórnvöldum faglega ráðgjöf í þágu almannaheilla. Stefna Orkustofnunar er að byggja upp þekkingu á fagsviðum stofnunarinnar, svo sem á sviðum orkuvinnslu, orkunýtingar og loftslagsmála, stunda skilvirka og gagnsæja stjórnsýslu, sem og sjálfstætt vandað eftirlit. Orkustofnun leggur áherslu á að vera framsýn, traust og skilvirk stofnun.

**Alls starfa 30 hjá Orkustofnun, bæði í Reykjavík og á Akureyri.**



### Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er íslensk norðurslóðastofnun sem sinnir rannsóknum, upplýsingamiðlun, ráðgjöf og samvinnu á sviði sjálfbærrar þróunar og umhverfismála á norðurslóðum. Verkefni stofnunarinnar eiga það sameiginlegt að fjalla um samfélög, umhverfi og auðlindir á norðurslóðum og hvernig nýta megi niðurstöður þverfaglegra rannsókna og þekkingu sem af þeim sprettur til upplýstrar stefnumótunar. Markmiðið er þannig að stuðla að velferð íbúa og sjálfbærri þróun svæðisins, sem Ísland er hluti af, hvað varðar samfélagsþróun, auðlindanýtingu, aðlögun að loftslagsbreytingum og hnattvædda efnahagsþróun.

**Alls starfa 12 hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri.**



### Umhverfisstofnun

Hlutverk Umhverfisstofnunar er að annast þjónustu og ákvarðanir sem snúa að umhverfsgæðum og náttúruvernd. Stofnunin heldur utan um losunarbókhald Íslands vegna skuldbindinga í loftslagsmálum, svo og efnamál og innleiðingu hringrásarhagkerfis og græns lífsstíls. Stofnunin annast stjórnun vatnamála, viðbragð í bráðamengun hafsins og stjórnun veiða á villtum fuglum og villtum spendýrum. Rúmlega 130 friðlýst svæði eru í umsjón Umhverfisstofnunar.

**Alls starfa 120 hjá Umhverfisstofnun, auk um 40 landvarða sem bætast við árstíðabundið. Stofnunin er með starfsemi á tólf stöðum á landinu. Boðið er upp á störf án staðsetningar**



### Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Hlutverk úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála, eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á þessu sviði. Í nefndinni sitja auk formanns og varaformanns sjö nefndarmenn með mismunandi sérþekkingu og jafnmargir til vara.

**Að meðtöldum formanni og varaformanni starfa að jafnaði 8 hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, sem hefur aðsetur í Reykjavík.**



### Úrvinnslusjóður

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Í lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002 með síðari breytingum, eru vörur sem bera úrvinnslugjald skilgreindar. Sjóðurinn skal, með hagrænum hvötum, koma upp skilvirkri fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs þessara vara með hliðsjón af umhverfislegum ávinningi. Stjórn Úrvinnslusjóðs er skipuð sjö fulltrúum, tveir eru tilnefndir af sveitarfélögum, fjórir af atvinnulífinu og formaður er skipaður af ráðherra. Stjórn hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins en framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur.

**Alls starfa 6 hjá Úrvinnslusjóði í Reykjavík.**



### Vatnajökulsþjóðgarður

Vatnajökulsþjóðgarður nær yfir Vatnajökul og stór svæði í nágrenni hans, tæp 15% af flatarmáli landsins. Náttúra og menningarsaga Vatnajökulsþjóðgarðs er einstæð og var þjóðgarðurinn samþykktur á heimsminjaskrá UNESCO árið 2019. Framkvæmdastjóri hefur umsjón með daglegum rekstri í samráði við stjórn, sem hefur það meginverkefni að marka stefnu þjóðgarðsins. Lög um Vatnajökulsþjóðgarð kveða m.a. á um að stjórnunar- og verndaráætlun taki til helstu þátta verndar og landnýtingar innan þjóðgarðsins. Starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs er dreifð og skiptist garðurinn í fjögur rekstrarsvæði. Sex þjóðgarðsverðir starfa á rekstrarsvæðunum og annast daglegan rekstur hvers svæðis, auk annars starfsfólks, s.s. landvarða. Svæðisráð starfa á hverju rekstrarsvæði þjóðgarðs. Þjóðgarðurinn rekur gestastofur á Kirkjubæjarklaustri og í Skaftafelli, Hornafirði, Skriðuklaustri, Ásbyrgi og Mývatnssveit.

**Alls starfa 37 hjá Vatnajökulsþjóðgarði á níu starfsstöðvum, auk um 80 landvarða yfir sumartímann.**



### Veðurstofa Íslands

Veðurstofa Íslands hefur það hlutverk að stuðla að bættu öryggi almennings, eigna og innviða gagnvart öflum náttúrunnar. Auk almennrar veðurþjónustu sinnir Veðurstofan veðurþjónustu og eldfjallaeftirliti fyrir alþjóðaflugíð. Sólarhringsvakt á náttúruvá gefur út viðvaranir er tengjast jarðvá, veðurvá, vatnavá, eldfjöllum, ofanflóðum, sjávarflóðum og allri vá sem ógnað getur öryggi á hafsvæðum við Ísland. Veðurstofan leiðir og tekur þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum og leiðir verkefni um áhættumat vegna ofanflóða, eldgosa, vatns- og sjávarflóða. Þá veitir Veðurstofan nýrri skrifstofu loftslagsþjónustu og aðlögunar forystu, en skrifstofan mun þjónusta verkefni á sviði aðlögunar, stuðla að samráði íslensks vísindasamfélags og styðja áætlanir stjórnvalda og atvinnulífs þegar kemur að aðlögun vegna áhrifa loftslagsbreytinga.

**Alls starfa 208 hjá Veðurstofunni, þar af eru 144 fastráðnir og 64 athugunar- og eftirlitsmenn. Veðurstofan er með starfsstöðvar á sex stöðum á landinu.**



### Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur sérstakt gildi og var stofnaður með lögum árið 1930. Hann er einn fjölsóttasti ferðamanna-staðurinn á Íslandi. Meginreglan í stjórnsýslu garðsins er að náttúra Þingvalla, söguvið og minjar í þjóðgarðinum njóti verndar til framtíðar en jafnframt sé búið í haginn fyrir mikinn fjölda gesta. Þá er lögð áhersla á að gestir geti notið fræðslu um einstakt samspil sögu og náttúru á Þingvöllum. Alþingi kýs Þingvallanefnd sem fer með stjórn þjóðgarðsins og ræður framkvæmdastjóra hennar sem jafnframt er þjóðgarðsvörður.

**Alls störfuðu 14 manns hjá Þjóðgarðinum á Þingvöllum í lok árs 2021.**



A landscape photograph of a volcanic region, likely in Iceland. The scene features a wide, braided river valley in the foreground, surrounded by steep, conical hills with distinct horizontal sedimentary layers. The hills are illuminated by a low sun, creating a warm, golden glow on their slopes. In the background, a series of blue-toned mountain ranges stretch across the horizon under a clear sky. The overall atmosphere is serene and majestic.

# Rekstur og fjárfestingar

## Málefнасvið

Á árinu 2021 heyrðu verkefni á forræði þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra að mestu undir eitt málefnasvið, 17 Umhverfismál, og skiptist það í eftirfarandi fimm málaflokka:

- **17.1 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla**
- **17.2 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands**
- **17.3 Meðferð úrgangs**
- **17.4 Varnir gegn náttúruvá**
- **17.5 Stjórnsýsla umhverfismála**

Auk þess fór ráðherra umhverfis- og auðlindamála með hlutdeild í tveimur málaflokkum tveggja annarra málefnasviða:

- **06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál**, en Landmælingar Íslands heyra undir ráðuneytið en flokkast í málaflokk 06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál.
- **08 Sveitarfélög og byggðamál**, en skipulagssjóður heyrði undir ráðuneytið og flokkaðist í málaflokk 08.10.

Í kjölfar myndunar nýrrar ríkisstjórnar undir lok árs 2021 urðu umtalsverðar breytingar á skiptingu stjórnarmálefna og með forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna, dagsettum 28. nóvember 2021 (að teknu tilliti til leiðréttinga í forsetaúrskurði dags. 31. janúar 2022), urðu eftirfarandi breytingar á starfsemi ráðuneytisins samfara nafnabreytingu þess í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

### Málefnasvið 17 Umhverfismál

Stofnanirnar Landgræðsla ríkisins og Skógræktin voru færðar undir nýtt matvælaráðuneyti. Málefni flokkast þó enn undir málaflokk 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla.

Málefni skipulagsmála ásamt Skipulagsstofnun voru færð yfir til innviðaráðuneytis og heyra alfarið undir innviðaráðherra.

### Málefnasvið 08 Sveitarfélög og byggðamál

Fjárlagaliðurinn Skipulagsmál sveitarfélaga (er í daglegu tali kallast Skipulagssjóður og er í umsýslu Skipulagsstofnunar) flokkast undir Málefnasvið 08 Sveitarfélög og byggðamál, nánar tiltekið málaflokk 08.10. Framlög til sveitarfélaga fluttist alfarið til innviðaráðuneytis og hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra því enga aðkomu að þessu málefni lengur.

### Málefnasvið 15 Orkumál

Málefnasvið 15 Orkumál ásamt Orkustofnun og orkusjóði, niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku o.fl. tengd málefni voru í heild sinni færð undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og eru því alfarið á ábyrgð umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

### Málefnasvið 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál

Stjórnarmálefni um minjavernd ásamt Minjastofnun, húsafriðunarsjóði og fornleifasjóði voru færð frá menningar- og viðskiptaráðuneyti til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Málefnið flokkast þó enn undir málaflokk 18.20 Menningarstofnanir og er því umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra samábyrgur menningar- og viðskiptaráðherra á málefnasviði 18.




## Rekstrargjöld og fjárfestingar málefnasviða

Myndin sýnir raunútgjöld málefnasviða sem heyra að hluta til eða í heild undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Raunútgjöld málefnasviða í heild námu 25.932 m.kr.

### Rekstrargjöld og fjárfestingar málefnasviða

Rekstrarútgjöld og fjárfestingar alls 25.932 m.kr.





## Útgjöld málefнасviða og málaflokka

Á töflunni má sjá þá málaflokka sem umhverfis-, orku og loftslagsráðherra ber ábyrgð á, ásamt hlutdeild ráðherra í þeim málaflokkum þar sem ábyrgð skiptist á milli fleiri ráðherra. Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur í m.kr. að frádregnum rekstrartekjum, ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára.

**Tafla 1.** Rekstur án fjárfestinga — málefnasvið sundurliðað niður á málaflokka.

Málefnasvið / málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik frá áætlun	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafnað frávik	Frávik %
<b>06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál</b>	<b>318,4</b>	<b>327,0</b>	<b>8,7</b>	<b>2,6%</b>	<b>22,0</b>	<b>30,7</b>	<b>8,8%</b>
06.10 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	318,4	327,0	8,7	2,6%	22,0	30,7	8,8%
<b>15 Orkumál</b>	<b>4.888,5</b>	<b>4.876,4</b>	<b>-12,1</b>	<b>-0,2%</b>	<b>-84,6</b>	<b>-96,7</b>	<b>-2,0%</b>
15.10 - Stjórnun og þróun orkumála	4.888,5	4.876,4	-12,1	-0,2%	-84,6	-96,7	-2,0%
<b>17 Umhverfismál</b>	<b>18.460,0</b>	<b>18.573,2</b>	<b>113,2</b>	<b>0,6%</b>	<b>2.295,8</b>	<b>2.409,0</b>	<b>11,5%</b>
17.10 - Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	1.704,2	1.780,5	76,3	4,3%	-34,3	42,0	2,4%
17.20 - Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	2.331,4	2.308,2	-23,2	-1,0%	-66,7	-89,9	-4,0%
17.30 - Meðhöndlun úrgangs	5.695,4	6.063,0	367,6	6,1%	1.011,0	1.378,6	19,5%
17.40 - Varnir vegna náttúruvá	3.020,2	2.960,3	-59,9	-2,0%	544,6	484,7	13,8%
17.50 - Stjórnsýsla umhverfismála	5.708,7	5.461,2	-247,6	-4,5%	841,2	593,6	9,4%
<b>18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál</b>	<b>606,2</b>	<b>574,2</b>	<b>-32,0</b>	<b>-5,6%</b>	<b>44,1</b>	<b>12,1</b>	<b>2,0%</b>
18.20 - Menningarstofnanir	315,6	310,7	-5,0	-1,6%	-1,0	-6,0	-1,9%
18.30 - Menningarsjóðir	290,6	263,5	-27,1	-10,3%	45,1	18,1	5,8%
<b>Samtals</b>	<b>24.273,0</b>	<b>24.350,8</b>	<b>77,7</b>	<b>0,3%</b>	<b>2.277,4</b>	<b>2.355,1</b>	<b>8,8%</b>

Fjárhæðir í milljónum króna



### Málefnasvið 15 Orkumál

Í málaflokki 15.10 Orkumál er neikvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 12,1 m.kr. eða 0,2%, en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs (uppsafnað frávik) er fráviknið neikvætt um 96,7 m.kr. eða 2,0%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávikni í árslok 2021 eru:

- Neikvætt frávik á fjárlagaliðnum Ýmis orkumál að fjárhæð 99,7 m.kr.
- Neikvætt frávik á fjárlagaliðnum Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku að fjárhæð 48 m.kr. sem skýrist af van-áætluðu dreifbýlisframlagi. Gert er ráð fyrir að hallinn jafnist út árið 2022.
- Jákvætt frávik hjá Orkustofnun að fjárhæð 51 m.kr. sem skýrist af uppsöfnuðum rekstrarafgangi fyrra ára að teknu tilliti til 22.1 mkr. halla 2021.

### Málefnasvið 17 Umhverfismál

Í málaflokki 17.10 Náttúrvernd, skógrækt og landgræðsla er jákvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 76,3 m.kr. eða 4,3%, en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs (uppsafnað frávik) er fráviknið jákvætt um 42 m.kr. eða 2,4%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávikni í árslok 2021 eru:

- Jákvætt frávik hjá Vatnajökulsþjóðgarði að fjárhæð 51,8 m.kr., þar af er 30,8 m.kr. jákvætt frávik í rekstri á árinu 2021 sem skýrist aðallega af hærri sértekjum en áætlun gerði ráð fyrir vegna aukningar ferðamanna á síðari hluta ársins.
- Neikvætt frávik hjá Þjóðgarðinum á Þingvöllum að fjárhæð 8 m.kr. Fráviknið skýrist af 7,2 m.kr. halla 2020 og 47,5 m.kr. afgangi 2021 sem aðallega er tilkominn vegna hærri sértekna en gert var ráð fyrir í áætlun og skýrist af aukningu ferðamanna á síðari hluta ársins. Að auki var neikvæð staða á fjárfestingarlið, 48,3 m.kr., færð yfir á rekstur vegna breytinga á reikningsskilareglum í kjölfar innleiðingar á lögum um opinber fjármál.

Í málaflokki 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands er neikvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 23,2 m.kr. eða 1%, en að teknu tilliti til höfuðstóls frá fyrra ári er fráviknið neikvætt um 89,9 m.kr. eða 4%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávikni í árslok 2021 eru:

- Neikvætt frávik hjá Veðurstofu Íslands að fjárhæð 126,1 m.kr. Þar af er 101 m.kr. neikvætt frávik tilkomið vegna tapreksturs fyrra ára. Neikvætt frávik ársins 2021 er 25,2 m.kr. en rekstur ársins var töluvert frábrugðinn upphaflegum áætlunum vegna ófyrirséðra náttúruváratburða.
- Jákvætt frávik hjá Náttúrufræðistofnun Íslands að fjárhæð 26,7 m.kr. Þar af eru 14,6 m.kr. frá árinu 2020. Frávik ársins, 12,1 m.kr., skýrist af hærri sértekjum og hærri tekjum af ráðgjafarverkefnum en áætlun gerði ráð fyrir.
- Jákvætt frávik hjá Náttúrurannsóknamiðstöðinni við Mývatn að fjárhæð 9,6 m.kr.

Í málaflokki 17.30 Meðhöndlun úrgangs er jákvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 367,6 m.kr. eða 6,1%, en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs er fráviknið jákvætt um 1.378,6 m.kr. eða 19,5%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávikni í árslok 2021 eru:

- Jákvætt frávik hjá Úrvinnslusjóði að fjárhæð 1.222,3 m.kr. en fráviknið skýrist af því að hluti tekna fer í að mæta framtíðarskuldbindingum einstaka vöruflökka.
- Frávik hjá Endurvinnslunni hf. að fjárhæð 156,4 m.kr. Innheimt skilagjald og umsýsluþóknun umfram tekjuáætlun myndar jákvæða árslokastöðu á fjárlagalið.

Í málaflokki 17.40 Varnir gegn náttúruvá er neikvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 59,9 m.kr. eða 2%, en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs er fráviknið jákvætt um 484,7 m.kr. eða 13,8%. Skýringar á uppsöfnuðu frávikni í árslok 2021 er:

- 
- Jákvætt frávik hjá Ofanflóðasjóði að fjárhæð 484,7 m.kr. sem skýrist aðallega af seinkun verkefna.
- 

Í málaflokki 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála er neikvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 242,6 m.kr. eða 4,5%, en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs er frávikid jákvætt um 593,6 m.kr. eða 9,4%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávikum í árslok 2021 eru:

- 
- Jákvætt frávik hjá Umhverfisstofnun að fjárhæð 199,9 m.kr. þar af eru 158,2 m.kr. frá fyrra ári. Frávik skýrast að stærstum hluta af seinkun verkefna sem tengjast Covid-átaksverkefnum.
- 
- Jákvætt frávik á fjárlagaliðnum Ýmis verkefni að fjárhæð 136,4 m.kr. sem aðallega liggur á liðnum Styrkir, framlög og verkefni eða 129,3 m.kr. Flutt fjárheimild á liðnum frá fyrra ári var 490,1 m.kr. en frávik ársins var neikvætt um 360,9 m.kr. Frávik skýrast aðallega af seinkun á verkefnum sem tengjast Covid-átaksverkefnum, töfum á einstaka minni verkefnum og úthlutun styrkja.
- 
- Jákvætt frávik á fjárlagaliðnum Styrkir til fráveitna sveitarfélaga að fjárhæð 89,5 m.kr. sem skýrist af seinkun verkefna.
- 
- Jákvætt frávik hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að fjárhæð 40 m.kr. sem skýrist af uppsöfnuðum rekstrarafgangi og seinkun verkefna.
- 
- Jákvætt frávik vegna varasjóðs málaflokks að fjárhæð 109,7 m.kr.
- 

Nánari frávikagreiningu og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila er að finna aftar í skýrslunni.



## Fjárfesting málaflokka

Taflan hér að neðan sýnir hversu miklu var ráðstafað í fjárfestingu á árinu af fjárfestingarheimildum ársins, ásamt ónýtttri fjárfestingarheimild frá fyrra ári.

**Tafla 2.** Fjárfestingar – málefnasvið sundurliðað niður á málaflokka.

Málefnasvið/Málaflokkar	Fjárheimild ársins	Ónýtt heimild frá fyrra ári	Fjárfest á árinu	Ónýtt heimild í árslok
<b>06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál</b>	<b>6,9</b>	<b>2,2</b>	<b>-7,9</b>	<b>1,2</b>
06.10 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	6,9	2,2	-7,9	1,2
<b>15 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál</b>	<b>6,3</b>	<b>118,3</b>	<b>-6,1</b>	<b>118,5</b>
06.10 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	6,3	118,3	-6,1	118,5
<b>17 Umhverfismál</b>	<b>2.006,3</b>	<b>2.024,7</b>	<b>-1.640,6</b>	<b>2.390,4</b>
17.10 - Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	1.015,9	1.236,5	-682,2	1570,3
17.20 - Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	449,3	110,6	-356,8	203,2
17.30 - Meðhöndlun úrgangs	1,2	0,8	-1,6	0,4
17.40 - Varnir vegna náttúruvár		191,1		191,1
17.50 - Stjórnsýsla umhverfismála	539,9	485,6	-600,0	425,5
<b>18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál</b>	<b>-50,2</b>	<b>52,2</b>	<b>-4,8</b>	<b>-2,8</b>
18.20 - Menningarstofnanir	1,6	0,5	-4,8	-2,8
18.30 - Menningarsjóðir	-51,8	51,8		0,0
<b>Samtals</b>	<b>1.969,3</b>	<b>2.197,4</b>	<b>-1.659,3</b>	<b>2.507,4</b>

Fjárhæðir í milljónum króna


### Skýringar

Frávik í málaflokki 17.10 og málaflokki 17.50 skýrast að stærstum hluta af framkvæmdum við þjóðgarðsmiðstöðvar við Hellissand og Kirkjubæjarklaustur og töfum á verkefnum sem tengjast Landsáætlun.

## Yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila og fjárlagaliða

### Frávik ríkisaðila frá fjárheimildum í árslok


Grafið hér á eftir sýnir rekstrarfrávik innan ársins hjá einstökum ríkisaðilum og verkefna-liðum. Niðurstaðan sýnir að meirihluti ríkisaðila og verkefna voru með jákvæða afkomu á árinu.



### Uppsöfnuð frávik ríkisaðila frá fjárheimildum í árslok

Grafið hér á eftir sýnir uppsöfnuð rekstrarfrávik hjá einstökum ríkisaðilum og verkefnaíðum. Um er að ræða rekstrarniðurstöðu ársins að viðbættum höfuðstól frá árinu 2020. Niðurstaðan sýnir að meirihluti ríkisaðila og verkefna voru með jákvæðan höfuðstól um síðustu áramót.

Skýringar á frávikum ríkisaðila er að finna framur í skýrslunni.



Fjárhæðir í milljónum króna

## Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða, ráðstöfunarfé ráðherra, rekstrar- og verkefnastyrki, ásamt skuldbindandi styrk- og samstarfssamningum

### Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

<b>17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla</b>	<b>Fjárhæð</b>
Staða varasjóðs í upphafi árs	0,0
Framlag í varasjóð	13,9
Fært á milli fjárlagaliða	0,0
Vatnajökulsþjóðgarður	-13,9
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>0,0</b>
<b>17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands</b>	<b>Fjárhæð</b>
Staða varasjóðs í upphafi árs	16,5
Framlag í varasjóð	13,9
Fært á milli fjárlagaliða	0,0
Veðurstofa Íslands	-30,4
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>0,0</b>
<b>17.50 Stjórnsýsla umhverfismála</b>	<b>Fjárhæð</b>
Staða varasjóðs í upphafi árs	95,9
Framlag í varasjóð	6,1
Fært á milli fjárlagaliða	22,0
Umhverfisstofnun	-14,3
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>109,7</b>

Fjárhæðir í milljónum króna

### Rekstrarstyrkir af fjárlögum 2021

Samtök/félag	Styrkfjárhæð
Blái herinn	600.000
Eldvötn	760.000
Fjöregg	360.000
Fuglaathugunarstöð Suðausturlands	400.000
Fuglavernd	4.320.000
Garðyrkjufélag Íslands	1.260.000
Gróður fyrir fólk	800.000
Grænni byggð	600.000
Hið íslenska náttúrufræðifélag	1.300.000
Hraunavinir	130.000
Landvernd	14.280.000
LÍSA samtök	400.000
Náttúruverndarsamtök Austurlands	890.000
Náttúruverndarsamtök Íslands	6.660.000
Náttúruverndarsamtök Suðurlands	960.000
Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands	500.000
Samtök Útivistarfélaga	1.480.000
Sjálfboðaliðasamtök um náttúruvernd, SJÁ	140.000
Skotveiðifélag Íslands	1.320.000
Skógræktarfélag Akraness	400.000
Skógræktarfélag Íslands	7.060.000
Skógræktarfélag Kópavogs	400.000
SUNN - Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi	800.000
Ungir umhverfissinnar	2.580.000
Veraldarvinir	600.000
<b>Samtals</b>	<b>49.000.000</b>



### Verkefnastyrkir af fjárlögum 2021

Styrkþegi	Heiti verkefnis	Upphæð	Skilmálar
Andri Már Þórhallsson	Plöntum: Aukin þátttaka almennings í fjármögnun skógræktar	3.000.000	
Austurbrú ses	Vitundarvakning um hringrásarhagkerfið á Austurlandi	1.900.000	
Blái herinn	Plasthreinasta landhelgi í heimi (Úr viðjum plasticsins)	2.000.000	
Eldvötn	Afmælistálfing í tilefni áratugar starfsafmælis Eldvatna	500.000	
Ferðafélag Íslands	Nýting seyru frá fjallaskálum til uppgæðslu	3.300.00	Til tveggja ára
Ferðaklúbburinn 4x4	Landbætur og aukid öryggi ferðamanna á hálendi Íslands	720.000	
Fjöregg	Barátta gegn ágengum tegundum í lífríki Mývatnssveitar	800.000	
Fuglaverndarfélag Íslands	Evrópufundur BirdLife International	240.000	
Fuglaverndarfélag Íslands	Skipulögð skráning flækingsfugla á Íslandi	750.000	
Fuglaverndarfélag Íslands	Endurheimt votlendis í fuglafriðlandinu í Flóa	650.000	
Fuglaverndarfélag Íslands	Málstofa um vindorkuver	400.000	
Fuglaverndarfélag Íslands	Hlúð að lífríkinu í Hafnarhólma	436.000	
Johannes Theodorus Welling	Aðlögun náttúruferðamennsku á Íslandi að áhrifum loftslagsbreytinga	1.000.000	
Jöklarannsóknafélag Íslands	Bætt aðgengi að Jökli, tímariti Jöklarannsóknafélags Íslands	1.550.000	
Kvenfélagasamband Íslands	Vitundarvakning um fatasóun	1.700.000	
Landvernd	Hálendið er land þitt	2.000.000	
Landvernd	Nýja náttúrukortið	900.000	
Landvernd	Græni kraginn	1.500.000	
Landssamband eldri borgara	Umbúðalausir eldri borgarar	1.800.000	
LÍSA	Upplýsingagátt - Aðgengi að innlendu og erlendu fræðsluefni og sögulegu efni	250.000	
LÍSA	Erlent samstarf	240.000	

### Verkefnastyрkir af fjárlögum 2021

Styrkþegi	Heiti verkefnis	Upphæð	Skilmálar
Náttúruverndarsamtök Austurlands	Hálendi Austurlands	500.000	
Náttúruverndarsamtök Íslands	Samningafundur Sp. um verndun og nýtingu líffræðilegs fjölbreytileika sjávar	890.000	
Náttúruverndarsamtök Ísland	Orkuskipti, skipulag og almenningssamgöngur	750.000	
Náttúruverndarsamtök Íslands	Ferð vegna 26. þings aðildarríkja Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna	770.000	
Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands	Vatnsból og vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins	200.000	
Óli-Film ehf.	Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur – mynd	2.200.000	Til tveggja ára
Pétur Þór Jónasson	Ráðstefnan Maturinn, jörðin og við	200.000	
Plastlaus september	Plastlaus september	4.000.000	
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra	Nýting glatvarma í hringrásarhagkerfinu í staðbundinni matvælaframleiðslu	6.000.000	Til tveggja ára
Samtök um náttúruvernd Norðurlands	Kvikmyndasýning á Akureyri – „Tomorrow“	300.000	
Skotvís	Útfösun á plasti úr forhlöðum og skotum	350.000	
Skotvís	Ársfundur FACE 2020	325.000	
Skógræktarfélag Íslands	Fundur European Forest Network á Íslandi	1.100.000	
Skógræktarfélag Íslands	Opin skógur – umhirða eldri reita	500.000	
Skógræktarfélag Íslands	Innleiðing stafrænnar kortlagningar skógræktar	2.000.000	
Skógræktarfélag Rangæinga	Útivistarskógur	500.000	
Surtseyjarfélagið	Friðlandið í Surtsey: Búnaður og fræðsla	1.400.000	
Ungir umhverfissinnar	Framtíðarsýn ungs fólks á hálendið	650.000	
Ungmennafélagið Þristur	Náttúruskólinn	1.000.000	
Veraldarvinir	Brú – miðstöð sjálfbærni fræðslu og umhverfisverndar	1.700.000	
Þorvarður Árnason	Óbyggð víðerni á Íslandi: Alþýðlegt fræðirit	1.500.000	
<b>Samtals</b>		<b>52.471.000</b>	

### Ráðstöfun styrkveitinga úr Loftslagssjóði – Kynningar- og fræðsluverkefni

Heiti verkefnis	Aðalumsækjandi	Umsótt upphæð kr.
Connecting Loops – Roaming Repair Café	Reykjavík Tool Library ehf.	5.317.000
Explain it to me	Íris Indriðadóttir	160.000
Full Steam Ahead	Bless Bless Productions sf.	5.321.000
Grænir frumkvöðlar framtíðar	Matís ohf.	9.940.000
Leggjum línurnar	Finnur Ingimarsson	2.508.000
Lífverðir loftslagsins – Menntaverkefni um loftslagsmál	Katrín Magnúsdóttir	10.000.000
Loftslagsleiðtogiinn: fræðsla, leiðangur og leiðtogabjálfun	Vilborg Gissurardóttir	9.987.000
North Atlantic Triennial	Listasafn Reykjavíkur	10.000.000
Ormhildur the Brave – A climate fiction	Compass ehf.	5.400.000
Strætóskólinn	Orkusetur	1.300.000
Upplýsingapakki um loftslagsmál	Ungir umhverfissinnar	1.303.000
Veðurgögn og vísindalæsi	Belgíngur, reiknistofa í veðurfræði ehf.	10.000.000
<b>Samtals</b>		<b>71.236.000</b>

### Ráðstöfun styrkveitinga úr Loftslagssjóði – Nýsköpunarverkefni

Heiti verkefnis	Aðalumsækjandi	Umsótt upphæð kr.
ALSiment umhverfisvænn arftaki sements	Gerosion ehf.	9.836.000
Bokashi fyrir sveitarfélög, ný umhverfisvæn nálgun í úrgangsmálum	Jarðgerðarfélagið ehf.	10.000.000
Food waste reduction through data science innovation and impact awareness	GreenBytes ehf.	10.000.000
Hermun vatnafars og losunar gróðurhúsalofttegunda í votlendi og framræstu landi	Vatnaskil ehf.	10.000.000
Humble – Smáforrit gegn matarsóun	Humble ehf.	9.720.000
Kolefnisforði og CO <sub>2</sub> flæði úr jarðvegi – samstarfsverkefni um vöktun á völdum landgerðum	Náttúrustofa Suðausturlands ses.	8.587.000
Koltvísýringur mældur með flygildi	Neskortes ehf.	3.935.000
Matarspor	Efla hf.	2.880.000
Skrokk- og kerfishönnun á fjölnota raftvíbytnu	Íslensk NýOrka	10.000.000
Vetniskeðjan	Vetnis ehf.	10.000.000
Vísindaferðaþjónusta – nýr vettvangur fyrir öflun og miðlun þekkingar um loftslagsmál	Þorvarður Árnason	10.000.000
Þurrkun á timbri með jarðvarma	Skógræktin	4.056.000
<b>Samtals</b>		<b>99.014.000</b>

## Ráðstöfun styrkveitinga úr sjóði til eflingar hringrásarhagkerfinu

### Eftirtalin verkefni hlutu styrk vegna uppbyggingar innviða hringrásarhagkerfisins

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Styrkupp hæð
Loftkastalinn ehf.	Rusl í gull. Flokkun, endurnýting og vinnslutækni	20.000.000
Austurbrú	Efling hringrásarhagkerfisins á Austurlandi	5.000.000
Bláskógabyggð	Grenndarstöðvar við frístundabyggðir í Bláskógabyggð	4.000.000
Borgarbyggð	Söfnun brotajárns í dreifbýli í Borgarbyggð	600.000
Borgarbyggð	Bætt úrgangspjónusta við frístundahús í Borgarbyggð	4.000.000
Gefn ehf.	Græn efnavara úr úrgangi og útblæstri	15.000.000
Geotækni ehf.	Ánaburður	10.000.000
Græn leið ehf.	Frú Norma – Lifandi mold	10.000.000
Humble ehf.	Humble – eldhús	15.000.000
Hveragerðisbær	Hringrásarhagkerfið í Hveragerði – bættir inniviðir	3.200.000
Pure North Recycling	Hey! Rúlluplast – hringrás plasts í landbúnaði á Íslandi	12.500.000
Pure North Recycling	Bakki í borð – verðmætasköpun úr blönduðum plastúrgangi	11.000.000
Reykjavík Tool Library	Hringrásarsafn	10.000.000
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga	Úrgangstorg – vefgátt um úrgangsmál sveitarfélaga á Íslandi	5.000.000
Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra	Hagkvæmnimat fyrir samþættingu hátækniúrgangsvinnslu í Líforkuveri	5.000.000
Skútustaðahreppur	AUÐGANGUR – Hugarfar skapar hagkerfi	5.000.000
Spjarasafnið ehf.	Spjara/stafræn fataleiga	6.400.000
Svartárkotsbúið	Líf bærnei – lífræn leið til sjálfbærni	10.000.000
Sveitarfélagið Hornafjarðar	Nytjasmíðja Hornafjarðar – regnhlíf hringrásarhagkerfis í Hornafirði	5.000.000
Terra	Hvað fer hvert?	6.000.000
Urta Íslandica/Matarbúðin Nándin	Matarbúðin Nándin - Hringrásarhagkerfi (umbúða)	12.300.000
Verkís hf.	Sjálfbær stýring jarðefnaflutninga á höfuðborgarsvæðinu	5.000.000
VSÓ Ráðgjöf	Hringrásarhús	20.000.000
<b>Samtals</b>		<b>200.000.000</b>

---

**Eftirfarandi verkefni hlutu nýsköpunarstyrk**

<b>Nafn umsækjanda</b>	<b>Heiti verkefnis</b>	<b>Upphæð</b>
Fræ til framtíðar	SnjallRæktun	1.700.000
XYZ Prent ehf.	Þrívíddarprentun í stórum stærðum með endurunnu íslensku plasti	3.000.000
Plastgarðar	Hey!Rúlla, margnota heyrúllupokar	6.100.000
Veitur ohf.	Endurnýting sands úr skólphreinsun	5.000.000
Jorth ehf.	Broddmjólk frá förgun til framleiðslu	6.100.000
Vistorka ehf.	Leifur Arnar - minni matarsóun	1.000.000
Bone & Marrow	Hringrásarhagkerfið og landbúnaður - Fullnýting hliðarafurða	2.700.000
Colas Ísland	Aukning á endurunnu malbiki í slitlög	4.400.000
<b>Samtals</b>		<b>30.000.000</b>

---

### Skuldbindandi styrk- og samstarfssamningar

---

Styrkþegi / samningsaðili	Upphæð
Skógræktarfélag Íslands vegna Landgræðsluskóga (sjá fjárlög)	50.000.000
Landvernd vegna Grænfánaverkefnis	34.000.000
<i>þar af umhverfis- og auðlindaráðuneyti</i>	26.000.000
<i>þar af mennta- og menningarmálaráðuneyti</i>	8.000.000
	<b>84.000.000</b>

---





Ávinningur af  
ráðstöfun fjármuna



Myndin sýnir stöðu þeirra 32 aðgerða sem voru á ábyrgð umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, skipt eftir málaflokkum, í fjármálaáætlun 2021-2025 og frumvarpi til fjárlaga 2021.

### Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka í árslok 2021.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða			Samtals
15.10 Stjórnun og þróun orkumála	● 3	● 1		4
17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	● 4			4
17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	● 2	● 1		3
17.30 Meðferð úrgangs	● 4			4
17.40 Varnir gegn náttúruvá	● 3	● 2		5
17.50 Stjórnsýsla umhverfismála	● 3	● 7	● 2	12
<b>Samtals aðgerðir</b>	<b>6</b>	<b>22</b>	<b>4</b>	<b>32</b>

● Aðgerð ekki hafin  
 ● Undirbúningur hafinn  
 ● Aðgerð hafin  
 ● Aðgerð komin vel á veg  
 ● Aðgerð lokið



Í kaflanum koma fram markmið og mælikvarðar sem miða að því að ná fram auknum árangri. Við markmiðssetningu er litið til þess að skapa jafnvægi milli efnahagslegra, umhverfislegra og samfélagslegra þátta. Meirihluta þeirra aðgerða og verkefna sem tilgreind eru hér á eftir má rekja beint til stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Má þar nefna gerð langtímaorkustefnu, eflingu flutnings- og dreifikerfis raforku (t.d. þrífösun rafmagns), að tryggja afhendingaröryggi raforku um land allt, stuðning við áætlanir um orkuskipti (t.d. varmadæluvæðingu á köldum svæðum, innviði fyrir rafbíla og rafvæðingu hafna) og skoðun á möguleikum á lagningu jarðstrengja. Einnig tengjast markmiðin heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (markmiðum 7, 8, 10 og 13).

## 15.10 Stjórnun og þróun orkumála

### Markmið 1: Að tryggja jafnvægi framboðs og eftirspurnar á almennum markaði, og þar með orkuöryggi

Markmiðið byggir á því hlutverki ríkisins að tryggja að ekki séu markaðshindranir til staðar sem komi í veg fyrir að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar raforku náist með hliðsjón af orkuspá. Nú um stundir er umframeftirspurn eftir raforku og óvissa um raforkuöflun.

Mælikvarðar	Staða 2019	Viðmið 2021	Staða 2021
Hlutfall framboðs og eftirspurnar raforku með hliðsjón af orkuspá.	Eftirspurn umfram framboð.	Framboð nálgast að vera í takt við eftirspurn.	Eftirspurn umfram framboð.

### Markmið 2: Að auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap Íslands

Markmiðið felur í sér að auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa, bæði í samgöngum og haftengdri starfsemi. Markmiðið styður við velsældarmarkmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutlausu framtíð. Markmið um orkuskipti á landi eru uppfyllt, en öðru máli gegnir um orkuskipti á hafi.

Mælikvarðar	Staða 2019	Viðmið 2021	Staða 2021
Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum.	9%	12%	11,4%
Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í sjávarútvegi og skyldri starfsemi.	0,3%	0,5%	0,3%

### Markmið 3: Að jafna orkukostnað vegna dreifingar raforku og húshitunar á landsvísu

Markmiðið felur í sér að jafna orkukostnað á landsvísu sem snýr bæði að niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar á köldum svæðum og jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku í dreifbýli.

Mælikvarðar	Staða 2019	Viðmið 2021	Staða 2021
Hlutfall á jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku í dreifbýli.	49%	85%	78%

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2021	Tímabil
Tryggja orkuöryggi á heilidsölumarkaði raforku með því að skýra ábyrgð og hlutverk aðila með lagabreytingu.	URN	● Raforkulögum breytt í júní 2021. Framhald vinnu í starfshópi sem settur var á laggirnar í janúar 2022.	2020-2021
Miðla þekkingu um mikilvægi hugverkaverndar í orkumálum.	URN og Einkaleyfastofa	● Lokið.	2020-2021
Átaksverkefni í að hraða þrífösun rafmagns.	URN	● Áframhaldandi stuðningur var við átaksverkefni á árinu sem vörðuðu þrífösun rafmagns í dreifikerfinu og fyrir dreifi- og flutningskerfi raforku eftir óveðrin 2019/2020.	2020-2024
Einföldun leyfisveitingarferla vegna framkvæmda og sérstök yfirferð á regluverki vindorku, í samstarfi við UAR.	URN/IRN	● Aðgangi afgreiddi ekki frumvarp 2021.	2020-2024

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

## 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla

### Markmið 1: Að bæta ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að viðhalda og bæta ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða. Komið hefur verið á reglubundnu og samræmdu mati á ástandi áfangastaða sem gefur yfirsýn yfir ástandið á landsvísi. Samkvæmt niðurstöðum þess er nýting og álag á 91% áfangastaða innan náttúruverndarsvæða innan þolmarka. Uppbygging innviða og landvarsla eru lykilþættir til að viðhalda og bæta ástand staðanna.

Mælikvarðar	Staða 2019	Viðmið 2021	Staða 2021
Hlutfall áfangastaða innan náttúruverndarsvæða innan þolmarka.	90%	92%	91%

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2021	Tímabil
Veittir verða styrkir til uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum í samræmi við landsáætlun um innviði til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.	URN	● Landsáætlun um uppbyggingu innviða fjármagnaði 79 innviðaverkefni á árinu 2021, heildarfjárhæð samtals tæpar 736,5 m.kr. Verkefni snúa einkum að göngustígum, salernisaðstöðu, bílastæðum, útsýnispöllum og hönnun/skipulagsvinnu.	2018-2024
Aukið verður við landvörslu til að bæta þjónustu á náttúruverndarsvæðum með aukinni fræðslu og stýringu ferðamanna.	URN	● Ársverkum í landvörslu á vegum Umhverfisstofnunar fjölgaði úr 20,88 í 24,62 á árabílinu 2020-2021. Þar af voru 3,31 ársverkanna vegna eldgossins við Fagradalsfjall á Reykjaneskaga. Um er að ræða tímabundin störf og heilsársstörf.	2020-2021
Koma á reglubundnu mati á ástandi skilgreindra áfangastaða innan náttúruverndarsvæða.	UAR, Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarður og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	● Lagt var mat á ástand 148 áfangastaða innan náttúruverndarsvæða í umsjón Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum á árinu.	2018-2021

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið


## Markmið 2: Að auka árlegt umfang uppgræðslu og endurheimtar vistkerfa og nýskógræktar

Aukið hefur verið við umfang aðgerða sem miða að meiri bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og samdrætti í losun frá landi. Uppgræðsla, endurheimt vistkerfa, s.s. votlendis, og skógrækt hafa því aukist á síðustu árum. Til að mynda jókst skógrækt um 700 ha á árabílinu 2020–2021.

Mælikvarðar	Staða 2019	Viðmið 2021	Staða 2021
Árleg ný uppgræðslu- og endurheimtarverkefni (ha).	6.790 ha		4.890 ha*
Endurheimt votlendis (ha).*			181 ha
Árleg nýskógrækt.	1.400 ha	2.000 ha	2.109 ha
Áætluð kolefnisbinding (t CO <sub>2</sub> ígildi á ári).**			770.000 t
Áætlaður samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda frá landi vegna endurheimtar votlendis (t CO <sub>2</sub> -ígildi á ári).**			32.057

\*Aukin áhersla er á nýtingu lífræns áburðar og hefur notkun hans í landgræðslu tífaldast á síðustu árum. Einnig hefur umfang endurheimtar birkiskóga, sem er liður í eflingu landgræðslu, tvöfaldast. Árangursmælikvarðinn sem var upphaflega settur fram er því ekki talinn endurspeglar verkefnið.

\*\*Nýir mælikvarðar voru settir til að sýna betur þann árangur sem aðgerðirnar skila.

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2021	Tímabil
Umfang nýskógræktar, uppgræðslu og endurheimtar vistkerfa verður aukið.	URN, Landgræðslan og Skógræktin	 Heildarumfang uppgræðslu og endurheimtar vistkerfa, þ.m.t. votlendis, minnkaði úr 17.354 ha í 17.053 ha á árabílinu 2019–2020. Votlendi var endurheimt á 181 ha árið 2021.  Nýskógrækt jókst úr 1.400 ha árið 2020 í 2.109 ha árið 2021.	2020–2023

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

## 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands

**Markmið 1:** Að efla vöktunarkerfi vegna náttúruvár með áherslu á gosbeltið

Mælikvarðar	Staða 2019	Viðmið 2021	Staða 2021
Mælinet virkra eldstöðva standist kröfur um þéttleika og greiningarhæfni forboða.	Fyrirliggjandi í áætlun um eflingu vöktunar á gosbeltinu.	Unnið samkvæmt áætlun.	Staða mælanets virkra eldstöðva er samkvæmt áætlun.
Mæli- og úrvinnslukerfi náttúruvár skili gögnum til náttúruváreftirlits í rauntíma og standist kröfur um rekstraröryggi.			Ekki að fullu komið til framkvæmda en er komið vel á veg. Verkefnið var sett á bið vegna álags við verkefni Veðurstofu Íslands á Reykjanesi.
Veðursjárkerfi landsþekjandi og uppfært í nýjustu veðursjártækni.			Náðist ekki fyrir árslok vegna seinkunar í útboðsferli 2020 en gengur vel og markmið 2022 ættu að nást.

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2021	Tímabil
Hrinda í framkvæmd langtímaáætlun um eflingu vöktunarkerfa vegna náttúruvár.	URN og Veðurstofa Íslands	● Unnið hefur verið samkvæmt áætlun en ljóst er að þörf er á frekari styrkingu netkerfisinnviða innan upplýsingatækni Veðurstofu Íslands, t.d. kjarnakerfa og hugbúnaðarkerfa.	2020-2024

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

## Markmið 2: Að efla rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga

Mælikvarðar	Staða 2019	Viðmið 2021	Staða 2021
Staða áætlunar.	Gerð áætlunar ekki hafin.	Áætlun liggur fyrir.	Áætlun er vel á veg komin.

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2021	Tímabil
Stofnun og skipulag nýrrar skrifstofu loftslagsþjónustu og aðlögunar á Ví.	URN og Veðurstofa Íslands	● Skrifstofa loftslagsþjónustu og aðlögunar á Ví tekin til starfa og vísindanefnd er við störf undir formennsku Ví.	2020-2021
Framkvæmd vöktunaráætlunar fyrir náttúruverndarsvæði sem eru undir álagi af völdum ferðamanna.	URN og Náttúrufræðistofnun Íslands	● Innleiðing vöktunar hafin	2020-2024

● Aðgerð ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Aðgerð komin vel á veg   ● Aðgerð lokið

## 17.30 Meðferð úrgangs

### Markmið 1: Að auka endurvinnslu heimilisúrgangs

Mælikvarðar	Staða 2019	Viðmið 2021	Staða 2021
Hlutfall heimilisúrgangs sem er enduruninn.	27%	50%	Liggur ekki fyrir (árið 2020: 25%).

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2021	Tímabil
Framkvæmd aðgerða á grundvelli „Almennrar stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021–2032“ sem gefin var út árið 2021.	URN	● Stefna um meðhöndlun úrgangs 2021–2032 var gefin út í júní 2021, undir yfirskriftinni „Í átt að hringrásarhagkerfi“.	2019–2024
Framfylgd úrgangsforvarnastefnunnar „Saman gegn sóun 2016– 2027“.	URN	● Aðgerðir hafa til að mynda verið settar í framkvæmd á grundvelli sérstakra aðgerðaáætlana í plastmálefnum og gegn matarsóun.	2019–2023
Framkvæmd aðgerðaáætlunar um plast.	URN	● Aðgerðaáætlun í plastmálefnum, „Úr viðjum plastsins“, var gefin út í september 2020.	2019–2023
Framkvæmd aðgerðaáætlunar gegn matarsóun.	URN	● Aðgerðaáætlun gegn matarsóun, „Minni matarsóun“, var gefin út í september 2021.	

● Aðgerð ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Aðgerð komin vel á veg   ● Aðgerð lokið



## 17.40 Varnir gegn náttúruvá

**Markmið 1:** Að ljúka þremur verkframkvæmdum fyrir árslok 2024

Mælikvarðar	Staða 2019	Viðmið 2021	Staða 2021
Fjöldi ólokinnna verkefna.	20 af 47	20 af 47	21 af 49

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2021	Tímabil
Framkvæmdir á Eskifirði.	URN	● Framkvæmdir eru í gangi við Lambeyrará á Eskifirði og gert er ráð fyrir að þeim ljúki 2022.	2019-2022
Framkvæmdir á Patreksfirði.	URN	● Framkvæmdir eru í gangi við Urðir, Hóla og Mýrar á Patreksfirði og gert er ráð fyrir að þeim ljúki 2023.	2021-2023
Framkvæmdir á Siglufirði.	URN	● Framkvæmdir hófust við lokaáfangu upptakastoðvirkja á Siglufirði og gert er ráð fyrir að þeim ljúki 2024.	2021-2024
Framkvæmdir á Seyðisfirði.	URN	● Framkvæmdir hófust við varnir við Ölduna og Bakkahverfi á Seyðisfirði og gert er ráð fyrir að þeim ljúki 2025.	2021-2025
Framkvæmdir á Flateyri.	URN	● Unnið var að endurbótum á ofanflóðavörnum á Flateyri á árinu 2021.	2021-2027

● Aðgerð ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Aðgerð komin vel á veg   ● Aðgerð lokið

\* Á árinu 2021 voru skilgreind tvö ný verkefni og hækkar því heildarfjöldi verkefna úr 47 í 49.

## 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála

**Markmið 1:** Að unnið verði að öllum aðgerðum aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum.

Árið 2020 var aðgerðaáætlun í loftslagsmálum uppfærð frá árinu 2018 með 15 nýjum aðgerðum. Á árinu 2021 bættust tvær aðgerðir við og eru þær nú 50 talsins og ná til alls samfélagsins. Vinna er hafin við þær allar og eru 47 þeirra komnar vel á veg eða í framkvæmd. Aðgerðirnar eru ólíkar og misjafnar að umfangi. Allar eru þær raunhæfar, nauðsynlegar og skipta máli.

Auknum fjármunum hefur verið varið til málaflokksins sem endurspeglast m.a. í styrkjum til innviða.

Mælikvarðar	Staða 2019	Víðmið 2021	Staða 2021
Fjöldi aðgerða í vinnslu.	0 af 34	28 af 34	50 af 50

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2021	Tímabil
Áfangamarkmið fyrir geira og sveitarfélög vegna kolefnishlutleysis.*	URN	● Markmið stjórnvalda um kolefnishlutleysi árið 2040 var lögfest. Greiningarvinna vegna kolefnishlutleysis fór fram. Gerð vegvísis var endurskoðuð og í stjórnarsáttmála birtist markmið um áfangamarkmið fyrir geira og sveitarfélög sem er hluti af stefnumótunarvinnu vegna kolefnishlutleysis.	2018-2021
Gerð og innleiðing áætlunar um samdrátt í losun frá landi og aukna kolefnisbindingu.	URN	● Unnið er eftir umbótaáætlun fyrir losunarbókhald Íslands hvað varðar landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt sem miðar að því að Ísland uppfylli kröfur ESB fyrir árslok 2023.	2019-2023
Stofnun loftslagssjóðs og úthlutun styrkja úr honum.	URN	● Önnur úthlutun úr Loftslagssjóði fór fram árið 2021.	2019-2023

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

\* Verkefnið er breytt frá fyrra verkefni um vegvísi um kolefnishlutleysi.

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2021	Tímabil
Sértækar aðgerðir af hálfu stjórnvalda til að draga úr losun gróðurhúsa-lofttegunda.	URN	<p>● Í aðgerðaáætlun sem út kom í júní 2020 eru settar fram 48 aðgerðir og voru þær allar komnar til framkvæmda í árslok. Nú hafa bæst við tvær aðgerðir og eru þær því 50.</p> <p>Stöðuskýrsla, þar sem fjallað var um allar aðgerðirnar og framgang þeirra, var gefin út.</p>	2019-2024
Samstarf við bændur um loftslagsvænni landbúnað.	URN	<p>● Unnið var með 43 bændum á árinu 2021.</p>	2019-2024

● Aðgerð ekki hafin  
 ● Undirbúningur hafinn  
 ● Aðgerð hafin  
 ● Aðgerð komin vel á veg  
 ● Aðgerð lokið

## Markmið 2: Að efla náttúruvernd með friðlýsingu náttúruverndarsvæða

Undanfarin fjögur ár hefur staðið yfir áttak í að friðlýsa svæði í íslenskri náttúru. Í árslok 2021 hafa 22 svæði verið friðlýst.

Mælikvarðar	Staða 2019	Víðmið 2021	Staða 2021
Fjöldi friðlýstra svæða.	115	>136	133

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2021	Tímabil
Áttak í friðlýsingum.	URN	● Í árslok 2021 höfðu 22 ný svæði verið friðlýst í áttakinu, þar af átta á grundvelli laga um vernd og orkunýtingu landsvæða. Þá voru fimm friðlýst svæði stækkuð.	2018-2021
Stofnun og uppbygging miðhálandisþjóðgarðs.	URN	● Frumvarp um Hálandisþjóðgarð náði ekki fram að ganga á Alþingi.*	2020-2023
Greining á samlegðaráhrifum landbúnaðar og náttúruverndar.	URN	● Verkefnið „Landbúnaður og náttúruvernd“ hefur verið í þróun í samstarfi við landeigendur. Verkefnið er leitt af Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og er m.a. unnið að greiningum á samlegðaráhrifum landbúnaðar og náttúruverndar.	2018-2022

● Aðgerð ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Aðgerð komin vel á veg   ● Aðgerð lokið

\*Ný ríkisstjórn tók við í lok árs 2021. Í stjórnarsáttmála hennar kemur fram að stofna skuli þjóðgarð á þegar friðlýstum svæðum og jöklum í þjóðlendum á miðhálandi Íslands.

**Markmið 3:** Að bæta viðmót, gagnsæi og skilvirkni stjórnsýslu, m.a. með aukinni rafrænni stjórnsýslu

Mælikvarðar*	Staða 2019	Viðmið 2021	Staða 2021
Hlutfall rafrænna þjónustuleiða.	Liggur ekki fyrir	50%	Liggur ekki fyrir

\* Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta heyrna skipulagsmál nú undir innviðaráðuneyti. Mælikvarði varðandi fjölda stafrænna deiliskípulaga hefur af þeim sökum verið felldur niður.

Aðgerðir sem styðja við markmið*	Ábyrgð	Staða í árslok 2021	Tímabil
Innleiðing skráningarskyldu í stað starfsleyfisútgáfu vegna starfsemi á grundvelli hollustuhátta og mengunarvarna.	URN og Umhverfisstofnun	<span style="color: #00A69F;">●</span> Stafrænt kerfi til innleiðingar á skráningarskyldu hefur verið forhannað en verkefnið var sett í bið á miðju ári. Gert er ráð fyrir að ákvörðun um framhald verkefnisins verði tekin á árinu 2021.	2019-2021
Innleiðing rafrænna þjónustuleiða vegna leyfisveitinga.	URN og Umhverfisstofnun	<span style="color: #FFC000;">●</span> Kortlagning þjónustuleiða í vinnslu.	2019-2024
Framkvæmd aðgerðaáætlunar í kjölfar 2. landsskýrslu Íslands um innleiðingu Árósasamningsins.	URN	<span style="color: #00A69F;">●</span> Aðgerð hafin en framkvæmd hennar hefur seinkað. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki árið 2022.	2018-2022
Endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum.	URN	<span style="color: #006400;">●</span> Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana samþykkt í júní 2021.	2019-2021

● Aðgerð ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Aðgerð komin vel á veg   ● Aðgerð lokið

\* Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta heyrna skipulagsmál nú undir innviðaráðuneyti. Tvær aðgerðir á sviði skipulagsmála sem birtust í síðustu ársskýrslu hafa af þeim sökum verið felldar niður.

---

# Framvinda í kynja- og jafnréttismálum

---

Þróun síðastliðinna ára og vinna í kringum jafnréttismál, Heims-markmiðin og velsældarmælikvarðana hefur dregið fram hversu nátengd umhverfismál og jafnréttismál eru. Þessi áhersla birtist meðal annars í loftslagsmálum og var meðal annars viðfangsefni í „Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum“ sem kom út í júní 2020. Aðgerðaáætlunin leggur áherslu á réttlát umskipti og mikilvægi þess að aðgerðir í loftslagsmálum miði samhliða að auknu jafnrétti og jöfnuði og verði ekki til þess að auka á misrétti.

Samstarf hefur verið um verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar, sem snýr að því að skoða með hvaða hætti aðgerðaáætlanir Norður-landanna taka mið af jafnrétti. Unnið var á árinu að gerð skýrslu með niðurstöðum verkefnisins *How Climate Policies Impact Gender and Vice Versa in the Nordic Countries*, sem kom út í ársbyrjun 2022.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum 2020–2023 er verkefni þáverandi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins „Kyn og neysla“ lokið. Verkefninu var ætlað að varpa ljósi á neyslumynstur í tengslum við textíl, framleiðslu og endurvinnslu textíls og tengsl þessa við jafnrétti og hvernig stuðla megi að mannsæmandi og

umhverfsvænum framleiðslu- og neysluháttum með áherslu á samfélagslega ábyrga neyslu á tískufatnaði, endurnotkun og endurvinnslu. Verkefnið var unnið af Umhverfisstofnun og verður áfram unnið með niðurstöður þess hjá stofnuninni og við stefnumótun á vegum ráðuneytisins. Niðurstöður og efni greininga voru notuð á undirsíðu [samangegnsoun.is](https://samangegnsoun.is) um textíl og jafnrétti. Fundir voru haldnir með ýmsum hagsmunaaðilum, m.a. í samstarfi við Hönnunarmars, og farið yfir niðurstöður, auk þess sem umræður um textílsóun fóru fram og voru nýttar sem grunnur að vinnu um aðgerðaáætlun um textíl. Athygli var vakin á verkefninu í hlaðvarpinu „Karlmenntan“ sem er stýrt af Þorsteini V. Einarssyni, auk samstarfs við áhrifavalda til þess að vekja athygli og áhuga á textílsóun.

Verkefni um kortlagningu kynjaáhrifa í umhverfismálum lauk haustið 2021 og var gefinn út vegvísir á innri vef umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, ætlaður sem handbók um kynjaáhrif í umhverfismálum fyrir starfsfólk ráðuneytisins. Með vegvísinum og aukinni áherslu á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og áætlanagerð má bæta ákvarðanatöku enn frekar á málefnasviði umhverfismála.

